

Skýrsla tónlistarstjóra starfsárið 2019-2020

Þrír kórar starfa nú við Grafarvogskirkju: Kirkjukór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Barnakór Grafarvogskirkju. Organistar kirkjunnar og kórstjórar eru þeir Hákon Leifsson stjóri Kórs Grafarvogskirkju, Hilmar Örn Agnarsson stjóri Vox Populi og kórstjóri Barnakórs Grafarvogskirkju er Sigríður Soffía Hafliðadóttir. Barnakórar kirkjunnar er tveir, yngri og eldri kór. Barnakórinn telur tæplega 40 börn á aldrinum 7 – 15 ára. Kirkjukórinn nýtur enn sem fyrr, leiðsagnar í söng frá Laufeyju Geirsdóttur og Magneu Tómasdóttur. Sækir hver kór meðlimur á bilinu 10-15 einkasöngtíma á hverju ári.

Segja má með sanni að sönglíf kirkjunnar sé í ágætum blóma og töluverðu verki verið skilað þetta árið. Kirkjukórinn hélt stóra sálmatónleika 5. október 2019 undir yfirskriftinni „Sálmasægur“. Tónleikarnir voru haldnir í tilefni af komandi sálmasögum Íslensku Þjóðkirkjunnar, sem þó er enn óútkomin. Kirkjukórinn og barnakórinn stóðu einnig fyrir jólatónleikunum „Jólin heima“, 7. desember 2019. Tónleikarnir voru mjög vel sóttir og einsöng sungu þau Hera Björk Þórhallsdóttir, Edgar Smári Atlason og Þórdís Sævarsdóttir. Flugfreyjukórinn söng undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar. Tíu manna hljómsveit spilaði útsetningar þeirra Hákonar Leifssonar og Magnúsar Kjartanssonar.

27. mars 2020 skrifaði Anna G. Sigurvinsdóttir, formaður sóknarnefndar Grafarvogskirkju undir kaupsamning á orgeli við ungersku orgelsverksmiðjuna Aeris Orgona. Hljóðfærið er stórt og veglegt 34ja radda hljóðfæri, og hefur smiðurinn þegar hafið smíði þess. Veglegt orgel mun breyta kirkju okkar í ómandi og hljómandi kirkju. Það mun gera kirkjuna okkar í alla staði að þessar ftirsóknarverðu söng og helgirými

Starfsemi kóra kirkjunnar hefur legið niðri nú á vormánuðum vegna Covid 19 faraldursins. Kór Grafarvogskirkju hóf þó messusöng að nýju 17. maí síðastliðinn og var það mikill léttir að geta hafið reglulegt helgihald að nýju. Vegna orgelskaupa er mikill hugur í okkur, organistum Grafarvogskirkju, að standa að veglegu söfnunar átaki með tónleikahaldi næsta vetur. Það gerist vonandi með haustinu, þá er hjól efnahagslífsins taka að snúast að nýju.

Hákon Leifsson

